



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Arkitekt Suðurgata 39 101
Reykjavík (354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Reykjavík, 11. maí 2023
MÍ202305-0069/ 0.00 / M.G.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023 til 2026. 978. mál. Stjórnartillaga. – Umsögn

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis hefur sent Minjastofnun Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023 til 2026.

Minjastofnun vill benda á eftirfarandi atriði sem bæta mætti við þingsályktunartillögunum og greinargerð hennar eins og hún er lögð fram. Athugasemdir og viðbætur Minjastofnunar eru skáletraðar.

María Gísladóttir

maria@minjastofnun.is

Vert er að benda á að á síðasta ári, 2022, gaf Minjastofnun Íslands út Stefnu 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi (Hér eftir ný stefna MÍ). Efni stefnunnar og sú vinna sem liggur að baki skarast að mörgu leyti við efni og markmið þingsályktunartillögunnar sem nú er til umsagnar. Hér fyrir neðan er því ítrekað vísað til þessa skjals en finna má hlekk á stefnuna bæði í tölvupósti og í neðanmálgrein við þetta bréf.¹ Stofnunin hvetur til þess að tekið verði mið af stefnunni við endanlega gerð tillögunnar.

Aðrar og sértækari athugasemdir fylgja hér fyrir neðan:

C. Sjálfbærir innviðir

- Hönnunarhugsun og sérþekking hönnuða verði nýtt við þróun, viðhald, uppbyggingu og endurnýtingu innviða, þ.m.t. tæknilegra og félagslegra, til að stuðla að uppbyggingu sjálfbærra samfélaga.

C.8. Heildstæð stefnumótun í mannvirkjagerð

¹ Minjastofnun Íslands. Stefna 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi. Reykjavík, 2022:
<https://www.minjastofnun.is/static/files/stefnumotun/fornleifar-og-byggingararf-2022-2027.pdf>

- Framkvæmd: *Ath. mikilvægi handverksþekkingar, aðferða og efnisvals við viðhald og endurgerð mannvirkja sem tilheyra íslenskum byggingararfi.*
- Samstarfsaðilar: *Minjastofnun Íslands*

C.9. Miðlægur rannsóknarvettvangur fyrir innviði

- Framkvæmd: *Ath. einnig endurnýtingu húsa og mannvirkja að hluta eða í heild, m.t.t. varðveislu vegna byggingarlistarlegs- eða menningarsögulegs gildis og ekki síst umhverfis- og sjálfbærni-sjónarmiða.*
- Samstarfsaðilar: *Minjastofnun Íslands*

D. Menntun framsækinnna kynslóða

D.10 Aukið framboð náms og endurmenntunar í hönnunargreinum.

- *Endurnýting og nýtt hlutverk eldri húsa - með varðveislu byggingarlistar, menningarsögulegs gildis og ekki síst umhverfissjónarmið í huga.*
- *Námsframboð um hefðbundið handverk og viðhald gamalla húsa.*
- Samstarfsaðilar: *t.d. Listaháskóli Íslands, tækniskólar, Minjastofnun Íslands*

D.11. Verndun, miðlun og rannsóknir á menningararfi íslensks arkitektúrs.

- Markmið: *Mikilvægt er að huga að vandaðri skráningu byggingararfsins, Í nýrri stefnu Minjastofnunar 2022-2027 er helst fjallað um hús og mannvirki sem falla undir lög um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e.a.s. þau sem voru byggð fyrir 1923 (friðuð), milli 1924 og 1940 (umsagnarskyld) og þau sem hafa verið friðlýst.*

Þar fyrir utan er Minjastofnun mjög áfram um að með einhverjum hætti verði haldið utan um yngri byggingarlist og mannvirki sem kunna að hafa listrænt, menningarsögulegt eða umhverfislegt gildi en sem ekki njóta verndar skv. lögum um menningarminjar. Þar má sem dæmi nefna höfundarverk helstu arkitekta og hönnuða en einnig ákveðna flokka, svo sem iðnminjar, samgönguminjar, herminjar og minjar sem tengjast samfélagslegum breytingum (svo sem sundlaugar, félagsheimili, opinberar stofnanir, útibú Pósts og síma, o.fl.). Með því að skrá yngri minjar með skipulegum hætti öðlast minjavarslan, skipulags- og byggingaryfirvöld betri yfirsýn yfir það sem helst er vert að varðveita úr hverjum flokki. Án þeirrar yfirsýnar er hættu á að minjavarslan verði handahófskennd og svífasein þegar taka þarf afstöðu í einstaka málum. Án slíkrar yfirsýnar

og fyrirbyggjandi ákvarðanatöku er jafnframt hættu á að ekki náist að varðveita stóra hluta af byggingararfi okkar, þar sem hann fellur ekki undir nein verndunarákvæði skv. lögum.

- Hér væri gagnlegt að vísa einnig/frekar til nýrrar stefnu MÍ: „Stefna 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi“ sem er sértækari en „Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi“ þegar kemur að byggingararfinum.
- Framkvæmd: Slík þarfagreining hefur að miklu leyti þegar verið unnin og gefin út í nýrri stefnu MÍ sem umsögn þessi vísar ítrekað í.
- Samstarfsaðilar: Minjastofnun Íslands og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Borgarsögusafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn og önnur byggðasöfn víða um land, áhugahópar, t.d. sögufélög eða önnur samtök, Arkitektafélag Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og e.t.v. fleiri.

Minjastofnun er reiðubúin til samráðs um frekari vinnslu tillögunnar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Rúnar Leifsson
forstöðumaður



María Gísladóttir
arkitekt

